Betri helmingurinn?

Á vorum dögum, þegar bæði karlar og (sérstaklega) konur leitast við aðbrjótaniður þá múra skilningsleysis sem staðið hafa milli kynjanna um aldaraðir, ekki síst í listum og listiðn, þá kemur það óneitanlega flatt upp á vesaling minn að sjá boðað til sérstakrar sýningar á ,,Listiðn íslenskra kvenna'' — en sýningu með því nafni er nú að finna að Kjarvalsstöðum. Hvers eiga þeir karlmenn að gjalda sem nú og þá hafa lagt sitt af mörkum til að byggja upp íslenska listiðn, — gullsmiðir, leirkerasmiðir, tréskerar o. fl. o. fl.? Eða þá þeir karlmenn sem eiga talsvert í sumum þeim verkum, sem á sýningunni eru? Megum við eiga von á ,,Listiðn íslenskra karla?'' Vilji konur í raun og sannleika sýna fram á þýðingu og gildi verka sinna, gera þær það best með því að stilla þeim upp við hlið verka eftir karlmenn. Ætli það kæmi þá ekki best í ljós hvað þær geta verið fjári góðar?



Sýnikennsla í ullarvinnu. (Ljósm. Þorri).

Ánægja og upplýsing

En ekki vil ég trúa því að þessi kyngreining í íslenskri listiðn stafi af öðru en hugsunarleysi, eða þá að gleymst hefur að hugsa dæmið til enda. Ekki veit ég heldur hvernig það gengur upp að hafa bæði atvinnumenn og tómstundafólk undir sama hatti. Yfirleitt fer tómstundafólkið verr út úr slíkum samanburði, auk þess sem samkrull af þessu tagi hlýtur að vera vanvirða við þá menntun og reynslu sem atvinnumaðurinn hefur að baki. Að þessu sögðu skal það fúslega viðurkennt að enga stóra smekkleysu er að finna á þessari sýningu og það má ganga á milli hinna ýmsu hluta hennar og hafa af þeim mikla ánægju og jafnvel upplýsingu. T.d. er gott að sjá hér á einum stað nokkur teppi eftir Vigdísi Kristjáns dóttur og hlýtur nú að vera kominn tími til að halda yfirlitssýningu á verkum hennar. Teppi eins og Landnám gefa þó varla rétta mynd af vinnubrögðum hennar, þar sem frummyndin er gerð af Jóhanni Briem.

Vefir og skálar

Af öðrum vefnaði fannst mér framlag Ingibjargar Styrgerðar Haraldsdóttur einna merkast,en vefir hennar bera vott um hárfínan smekk í öllu, — litavali, formmyndum og áferð. Tvö stykki eftir Hólmfríði Árnadóttur láta lítið yfir sér, en þar er sömuleiðis slegið á strengi smekkvísi og útsjónarsemi. Mætti vel hugsa sér þau verk í mun stærra formi. Frammi á gangi má sjá teppi eftir Signe Ehrngren, en um hana var engar upplýsingar að finna í skrá. Þar er hagleiksmanneskja á ferð, hvort sem spilað er upp á tóna eða myndir ofnar.

Mest fer fyrir vefnaði ýmiss konar, eins og eðlilegt er, en þar á eftir ber mest á leirmunum. Jónína Guðnadóttir sýnir skálar í háum gæðaflokki eins og venjulega og Steinunn Marteinsdóttir hefur losað sig við margt flúr og aukaatriði og sýnir hreinleg og aðlaðandi verk.



Af sýningunni, leirker Borghildar Óskarsdóttur í forgrunni. Teppi Vigdísar Kristjánsdóttur á vegg.



Til útflutnings

Ég man ekki eftir að hafa séð leirmuni eftir Borghildi Óskarsdóttur áður, en í þeim er glerjungur notaður fallega. Frá henni má eflaust vænta góðra grípa í framtíðinni. Katrín Ágústsdóttir er ein um batikina og kom það ekki að sök, svo gagnvönduð sem öll vinna hennar er. Ekki er ýkja margt nýstárlegt að sjá í skarti á sýningunni, þótt þekkt fólk eins og Ásdís Thoroddsen standi fyllileg fyrir sínu. Margt af þeim ofna, prjónaða og heklaða fatnaði sem þarna er, hefur áður sést og allt gott um þá vöru að segja. Fyrir minn smekk báru prjónavörur Huldu Jósefsdóttur af fyrir frumleik og smekklega útfærslu. Er ekki rakin útflutningsvara þarna á ferðinni?

Næst væri gaman að sjá allsherjar úttekt á stöðu íslenskrar listiðnar, með þátttöku beggja kynja.

-AI.

Þjónusta Þjónusta Þjónusta

Jarðvinna-vélaleiga

MÚRBROT–FLEYGUN NH
ALLAN SÓLARHRINGINN MEÐ HLJÓÐLÁTRI OG RYKLAUSRI VÖKVAPRESSU. Sími 77770
Njáll Harðarson, Vélaleiga

Loftpressur **Vélaleiga** Loftpressur
Tek að mér múrbrot, borverk og sprengingar, einnig fleygun í húsgrunnum og holræsum, snjómokstur og annan framskóflumokstur.
Uppl. í síma 14-6-71.
STEFÁN ÞORBERGSSON.

LOFTPRESSUR, TRAKTORSGRÖFUR, VÉLALEIGA
Tek að mér allt múrbrot, boranir, sprengivinnu, einnig fleygun í húsgrunnum og holræsum.
Uppl. í síma 10387 og 33050, talstöð F.R. 3888.

BF. FRAMTAK HF.
NÖKKVAVOGI 38
Ný traktorsgrafa til leigu, einnig traktorspressa og einnig traktorar með sturtuvögnum til leigu. Útvega húsdýraáburð og mold.
GUNNAR HELGASON
Sími 30126 og 85272.

SOS VÉLALEIGA LOFTPRESSUR
Tökum að okkur múrbrot, einnig fleygun í húsgrunnum, holræsum, snjómokstur og annan framskóflumokstur. Góð þjónusta, vanir menn.
Upplýsingar í síma 19987
Sigurður Pálsson.
Sigurbjörn Kristjánsson

Önnur þjónusta

BÓLSTRUNIN MIÐSTRÆTI 5
Viðgerðir og klæðningar. Falleg og vönduð áklæði.



Sími 21440, heimasími 15507.

Pípulagnir-hreinsanir


Er stíflað?
Fjarlægi stíflur úr vöskum, wc-rörum, baðkerum og niðurföllum, notum ný og fullkomin tæki, rafmagnssnigla. Vanir menn. Upplýsingar í sima 43879.
Stífluþjónustan
Anton Aðalsteinsson.

Viðtækjaþjónusta



Sjónvarpsviðgerðir
Heima eða á verkstæði.
Allar tegundir.
3ja mánaða ábyrgð.
Skjárinn, Bergstaðastræti 38.
Dag-, kvöld- og helgarsími 21940.


LOFTNET Triax
Önnumst uppsetningar á útvarps- og sjónvarpsloftnetum fyrir einbýlis- og fjölbýlishús.
Fagmenn tryggja örugga vinnu og árs ábyrgð.
MECO hf., sími 27044, eftir kl. 19: 30225 — 40937.

Útvarpsvirkjameistari.
Sjónvarpsviðgerðir
í heimahúsum og á verkstæði, gerum við allar gerðir sjónvarpstækja, svarthvít sem lit. Sækjum tækin og sendum.
Sjónvarpsvirkinn
Arnarbakka 2 R.
Verkst.sími 71640, opið 9—19, kvöld og helgar 71745 til 10 á kvöldin. Geymið augl.

Fíat-eigendur ath.
Er fluttur með þjónustu mína við Fíat-eigendur úr Tangarhöfða 9, í Síðumúla 27, sími 85360.
Theódór S. Friðgeirsson.

Verzlun Verzlun Verzlun


FERGUSON
litsjónvarpstækin
20" RCA
22" ameríska
26" myndlampi
Fullkomin varahlutaþjónusta
Orri Hjaltason
Hagamel 8
Sími 16139

ÁRFELL HF
Trésmiðja
Súðarvogi 28
Sími 84630
Bita- og hillu-veggir
•
Verðtilboð


MOTOROLA
Alternatorar í bíla og báta, 6/12/24/32 volta.
Platínulausar transistorkveikjur í flesta bíla.
Haukur & Ólafur hf.
Ármúla 32. Sími 37700.

Auglýsingaþjónusta DB
er opin frá kl. 13 til 22 daglega, frá mánudegi til laugardags. Laugardaga kl. 9—14 og sunnudaga frá kl. 14—22.
DAGBLAÐIÐ